

Nr. 27/1892.

Stefán Thorarensen og Jón Jóhannesson, eigendur Hóla í Skriðubreppi,
 gegn
 eigendum Miklagarðs og Miklagarðskirkju, Þorsteini hreppstjóra
 Thorlacius o. fl.

D ó m u r:

Mál þetta er höfðað í hjeraði af páverandi eiganda jarðarinnar Hóla í Skriðubreppi í Eyjafjarðarsýslu, Jóni bónda Bergssyni, — en hann er nú dáinn og áfrýjendurnir einustu erfingjar hans — gegn hinum stefndu eigendum Miklagarðs og Miklagarðskirkju, út af ágreiningi milli jarða þessara um það, hvorri jörðinni tilheyri svonefndur Hóladalur í Öxnadal eða $\frac{1}{2}$ Þverárdalur, og kom ágreiningur þessi einkum fram við það, að eigendur Miklagarðs neituðu að rita samþykki á landamerkjalyfsingu, er fyrnefndur Jón heitinn Bergsson hafði samið fyrir eignarjörð sína Hóla og þar sem hann taldi tjeðan Hóladal heyra undir hana. Hefur mál þetta verið rekið og dæmt að öllu leyti fyrir aukarjetti Eyjafjarðarsýslu, og var dómur í því uppkveðinn 7. nóv. f. á. af hlutadeigandi sýslumanni ásamt tilkvöddum 4 meðdómsmönnum samkvæmt N. L. 1.—7. —1. sbr. tilsk. 3. júní 1796, 24. gr.

Með því að máli þessu er þannig varið, að með því á að fá útkljáð með dómi, hvorri af tveim jörðum umrætt þrætuland heyri til, þá átti að fara með það og dæma eptir landamerkjalogum 17. marz 1882, sbr. sjerstaklega 3. og 7. grein þeirra, og þar sem þessa hefur eigi verið gætt, verður, án tillits til þess, þó málsaðilar

hafi látið sjer lynda afbrigði þau frá rjettarfarsreglunum, sem hafa átt sjer stað í málinu, að dæma ex officio dóminn og alla meðferð málsins í hjeraði ómerkt. Málskostnaður á eptir atvikum að falla niður.

Að því leyti málið hefur verið varið með gjafvörn fyrir undirrjetti, vottast, að málsfærslan þar hefur verið lögmæt.

Því dæmist jett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur og meðferð málsins í hjeraði á ómerkt að vera, og vísast málinu frá aukarjettinum. Málskostnaður falli niður.

Nr. 37/1892:

Sigurður Jónsson

gegn

Hannesi Thorarensen og

Mattíasi Mattíassyni.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað í hjeraði af Hannesi Thorarensen gegn Sigurði Jónssyni út af því, að Hannes telur sig eiga hjá Sigurði 500 kr. Var það dæmt á bæjarþingi Reykjavíkurkaupstaðar 18. ágúst síðastl. með þeim úrslitum, að Sigurður Jónsson var dæmdur til að greiða Hannesi Thorarensen 500 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Málskostnaður var látinn falla niður. Á meðan á rekstri málsins fyrir bæjarþinginu stóð, kvað dómariinn 5. maí f. á. upp úrskurð, er leysti Mattías Mattíasson, mág Hannesar